



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði á Bessastöðum
til heiðurs
Hákoni krónprins Noregs og Mette-Marit krónprinsessu
27. júní 2004**

Yðar konunglegu tignir
Krónprins Hákon og krónprinsessa Mette-Marit
Kæru gestir

Í rösk þúsund ár hefur hér á Bessastöðum verið hugsað til Noregs. Landnámsmenn hófu búsetu hér á hólnum í þann mund að ákveðið var að tengja saman hinar nýju íslensku byggðir með stofnun Alþingis á Þingvöllum. Frændur og vinir í Noregi voru landsmönnum kærir og mestur frami íslenskra skálda var að sigla yfir hafið og flytja konungi Noregs dýrt kveðna drápu.

Snorri Sturluson sem einnig var bóndi hér á Bessastöðum færði okkur og norskum frændum Heimskringlu, höfuðrit um sögu konunganna og örlög Noregs, texta sem gefið hefur norskri þjóð allt til okkar daga sterka vitund um sjálfstæði sitt og arfleifð.

Þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd nokkrum öldum eftir landnám urðu ríkisböndin grundvöllur aukinna tengsla: siglinga og verslunar; auk þeirra áhrifa sem norsk kirkja og norskir biskupar höfðu á trúarlíf Íslendinga.

Við urðum svo samferða inn í ríki Danakonungs og um aldir sat æðsti fulltrúi hans hér í konungsgarðinum á Bessastöðum, gekk um steingólfíð sem við grófum upp fyrir um áratug og blasir nú við undir elsta húsi staðarins, Bessastaðastofu, þar sem skólapiltar og lærifeður ræddu fyrir tæpum tvö hundruð árum um endurreisn íslenskrar tungu, forna tíma fullveldis og hvernig bregðast skyldi við byltingarólgu suður í Evrópu.

Já, við gætum lengi kvölds rakið þá sögu Íslands og Noregs sem á sér samnefnara í Bessastöðum, aðsetri forsetans frá lýðveldisstofnun. Samofin er saga okkar, bæði í nútíð og fortíð, allt frá landnámi Íslands til okkar daga.

Norskar bókmenntir, norsk menning, norsk vísindi og viðskiptalíf hafa verið áhrifarík við sköpun hins nýja Íslands, þjóðfélagsins sem varð til þegar sjálfstæðisbaráttan færði okkur sýnilegan árangur, sjálfstæðisbarátta sem einnig tók mið af efni og anda hreyfingarinnar sem skóp Norðmönnum sigur.

Við Íslendingar höfum ætíð metið mikils vináttu og tryggð sem norska konungsfjölskyldan hefur sýnt okkur og fögnum yðar konunglegu tignum innilega hér í kvöld.

Það hefur orðið hefð að krónprinsar Noregs sæki Ísland heim. Í hinni fyrstu heimsókn þegar afi yðar Ólafur kom færandi hendi í Reykholt og gaf Íslendingum stytta Vigelands af Snorra sá íslenska þjóðin í þeim atburði í senn endurnýjun og staðfestingu, að þráðurinn frá þúsund árum væri nú spunninn á ný. Faðir yðar Haraldur var einnig sem krónprins aufúsugestur og ég hef hér á Bessastöðum heyrt frásagnir margra góða manna sem muna vel þá merku heimsókn.

Og nú eruð þér, Hákon krónprins kominn hingað til Bessastaða, höfuðbóls Snorra og gamla konungsgarðsins, ásamt Mette-Marit krónprinsessu og hinni ungu prinsessu Ingrid Alexandra.

Enn á ný erum við að skapa norsk-íslenska sögu og héldu þó margir að eftir þúsund ára samfylgd væri erfitt að brydda upp á nýju. Aldrei fyrr hefur norskur krónprins ásamt krónprinsessu og næsta ríkisarfa, prinsessunni ungu, gist Ísland og hefur því koma yðar þegar orðið söguleg í langri samfylgd okkar Íslendinga með konungum Noregs, allt frá tíð Haraldar hárfagra til okkar daga.

Við metum mikils að fá nú að kynna Ísland fyrir yðar konunglegu tignum, sögu okkar og samtíma. Við munum sýna yður hin fornu handrit, heimsækja bæði Þingvelli og Reykholt, heilaga staði í sögu þjóða okkar, en einnig fara á Siglufjörð til að minnast framlags Norðmanna til síldarævintýrisins, atvinnubyltingar sem átti hlut í að skapa Íslandi nýja tíma.

Við munum sjá hvernig orkan úr iðrum jarðar veitir okkur fjölþætt tækifæri til framfara og sóknar, kynnast þátttöku Norðmanna í stóriðju vestanlands og hvernig íslenskir vísindamenn hafa með alþjóðlegri samvinnu náð forystu í erfðarannsóknum sem eru að leggja grundvöll að árangursríkri baráttu við suma erfiðustu sjúkdóma heims.

Já, jafnvel matseðillinn hér í kvöld er innblásinn af þúsund ára tengslum Íslands og Noregs. Salfiskurinn var á fyrri öldum helsti grundvöllur viðskiptanna, rækjuna kenndu Norðmenn okkur síðar að nýta og lambið höfðu víkingarnir með sér á langskipum frá Noregi og skyrið gerðu þeir úr afurð kúnna; það er gæðakostur sem við Íslendingar neytum enn á hverjum degi.

Þannig fylgir hin norska arfleifð íslenskri þjóð á okkar tímum og frændsemin og vináttan hefur einnig orðið grundvöllur að afstöðu okkar og þátttöku á alþjóðavelli. Bæði löndin voru stofnaðilar að NATO og við höfum verið samferða varðandi tengsl við Evrópusambandið. Við kappkostum að rækta norrænt samstarf og hefja til vegs þá fyrirmynd að lýðræði, mannréttindum og velferð sem hinn norræni árangur hefur skapað.

Við væntum þess að hin nýja öld skili okkur enn frekari ávinningum og saman geti þjóðir okkar haldið áfram að njóta í senn sameiginlegra minninga frá fyrri tímum og árangursins af samstarfi okkar í framtíðinni.

Með slíkar óskir í hjarta fögnum við yðar konunglegu tignum hér í kvöld og ég bið góða gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs Hákonu krónprins og Mette-Marit krónprinsessu og til heilla langri og farsælli vináttu Norðmanna og Íslendinga.